

Erindisbréf skipulagsráðs Kópavogs

I. Kafli

Skipan og umboð

1. gr.

Skipulagsráð Kópavogs er kosið af bæjarstjórn Kópavogs, á fyrsta eða öðrum fundi, að afloknum sveitarstjórnarkosningum og fer, í umboði bæjarstjórnar, með verkefni skipulagsnefndar samkvæmt skipulagslögum, nr. 123/2010, eins og nánar er kveðið á um í erindisbréfi þessu.

2. gr.

Skipulagsráð Kópavogs er skipað sjö fulltrúum ásamt áheyrnarfulltrúum í samræmi við 43. gr. samþykktar um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar, nr. 774/2013, m.s.br. (bæjarmálasamþykkt), og jafn mörgum til vara. Ráðið er kosið til eins árs í senn á fundi bæjarstjórnar í júní. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann.

II. Kafli

Fundir og starfshættir

3. gr.

Skipulagsstjóri er starfsmaður ráðsins. Hann undirbýr og boðar fundi ráðsins í samráði við formann. Hann ber ábyrgð á að samþykktum og ákvörðunum ráðsins sé hrint í framkvæmd. Skipulagsstjóri og sviðsstjóri umhverfissviðs sitja fundi ráðsins og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

4. gr.

Ráðsmanni er skylt að sækja alla fundi nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýn skyldustörf eða veikindi. Geti ráðsmaður ekki sótt fund skal hann boða varamann í sinn stað.

Formaður ráðs ber ábyrgð á því að samvinna sé á milli ráða og nefnda bæjarfélagsins. Halda skal a.m.k. tvo samráðsfundi með ráðum og nefndum sviðsins árlega.

Fjöldi funda skipulagsráðs er ákvarðaður við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert. Formanni ráðsins er heimilt að taka ákvörðun um að fella niður fund ef hún byggir á málefnalegum ástæðum.

5. gr.

Til fundar telst löglega boðað hafi allir atkvæðisbærir ráðsmenn eða varamenn í forföllum aðalmanna svo og aðrir sem seturétt eiga á fundinum, verið boðaðir með að minnsta kosti eins sólarhrings fyrirvara með skriflegri dagskrá.

Komi upp mál sem krefst skjótrar úrlausnar ráðsins getur fyrirvari um boðun verið skemmri.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt það sé ekki tilgreint í dagskrá en tilkynna skal það í upphafi fundar. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver ráðsmanna óskar þess.

Ráðsfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað og meira en helmingur atkvæðisbærra ráðsmanna er mættur á fundinn. Ráðið getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

6. gr.

Um fundarsköp og málsmeðferð í skipulagsráði fer eftir því sem við á samkvæmt III. kafla bæjarmálasamþykktar.

Formaður ráðsins stýrir fundum ráðsins.

Fundur ráðsins skulu jafnan haldnir fyrir luktum dyrum. Ráðið getur boðað á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins sem og aðra til viðræðna um einstaka mál.

Ráðsmenn skulu gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja í starfi ráðsins og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þó látið sé af þessum störfum. Ákvæði þetta á einnig við um aðra fundarmenn.

Skipulagsráð skal á fundum sínum taka fyrir þau erindi sem berast, fjalla um þau og gera tillögur um afgreiðslu þeirra til bæjarstjórnar nema bæjarstjórn hafi falið ráðinu fullnaðarafgreiðslu málsins. Á fundum er mál afgreitt með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, bæjarstjórnar eða sviðsstjóra umhverfissviðs.

Skipulagsráði er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

Skipulagsráð getur vísað málum til umsagnar annarra nefnda, ráða, embættismanna, eða annarra aðila.

Ráðsmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í ráðinu.

7. gr.

Ráðið skal halda gerðabók og ritari skal færa fundargerð í gerðabók. Um ritun fundargerðar gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 16. gr. bæjarmálasamþykktar.

8. gr.

Skipulagsráð skal við undirbúning mála og stjórnvaldsákvæðingar gæta þess að farið sé að stjórnslutölum og verklagsreglum um stjórnslutöl.

III. kafli

Hlutverk og markmið

9. gr.

Skipulagsráð skal, í samráði við aðrar nefndir umhverfissviðs, móta heildarstefnu í skipulagsmálum og umhverfis- og samgöngumálum fyrir kjörtímabilið og hefst stefnumótunarvinna strax að afloknu kjöri í ráðið. Í stefnu skal sett fram hugmyndafræði um framangreind málefni, framtíðarsýn, gildi og markmið. Þá skal ráðið setja upp aðgerðaráætlun og mælikvarða til að fylgja stefnunni eftir.

Strax að afloknu kjöri í skipulagsráð skal ráðið meta hvort ástæða sé til að endurskoða aðalskipulag Kópavogs og skal ákvörðun liggja fyrir innan 12 mánaða frá sveitarstjórnarkosningum.

Skipulagsráð skal hafa eftirlit með að stefnu í málaflokknum sé fylgt. Ráðið skal fara reglulega yfir stöðu innleiðingar stefnunnar með hliðsjón af markmiðum og leiðum þess. Niðurstöður skulu kynntar fyrir bæjarráði.

Skipulagsráð skal endurskoða stefnur sem settar hafa verið fyrir einstaka verkefni eða svið innan málaflokksins og hefst endurskoðunin strax að afloknu kjöri í ráðið. Þá skal ráðið vinna að gerð stefna sem kveðið er á um í aðalskipulagi.

Ráðsmenn skulu taka virkan þátt í stefnumótunarvinnu.

Eigi síðar en sex mánuðum eftir kjör skipulagsráðs skal ráðið hafa yfirfarið stefnur málaflokksins, greint hvaða breytinga er þörf og leggja fyrir bæjarstjórn tímasetta áætlun um endurskoðun og mótun heildarstefnu. Heildarstefna og endurskoðaðar stefnur skulu lagðar fyrir bæjarstjórn svo fljótt sem unnt er.

10. gr.

Hlutverk og verkefni ráðsins eru m.a. að:

1. Vera bæjarstjórn sem og öðrum nefndum og ráðum bæjarins til ráðuneytis á sviði skipulags- og byggingarmála, þ.m.t. vegna umhverfismats áætlana.
2. Hafa frumkvæði að gerð skipulagstillagna og skipulagsskilmála og gera tillögur til bæjarstjórnar um svæðis-, aðal-, hverfis- og deiliskipulagsáætlanir og breytingar á þeim, skv. VI, VII og VIII kafla skipulagslaga, nr. 123/2010.
3. Gera tillögur til bæjarstjórnar um götuheiti og númer húsa.
4. Afgreiða framkvæmdaleyfi, sbr. 13.-15. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010, og leyfi til skiptingar jarða, landa, lóða og breytinga á landamerkjum skv. 48. gr. sömu laga.
5. Afgreiða erindi til bæjarstjórnar er varða húsafriðun samkvæmt ákvæðum laga um menningarminjar, nr. 80/2012, að fenginni umsögn húsfriðunarnefndar. Varði breyting á mannvirki útlit þess og form skal leita samþykkis skipulagsráðs áður en byggingarleyfi er veitt nema breytingin sé óveruleg.
6. Hafa frumkvæði að og yfirumsjón með upplýsingamiðlun og samráði við íbúa, félagasamtök og aðra hagsmunaaðila sem tengjast verkefnum ráðsins. Auk lögbundins samráðs skal ráðið leita umsagna eða annars samráðs þegar við á og efni mála gefur tilefni til.
7. Gera áætlanir um tilhögun samráðs við undirbúning veigamikillar stefnumörkunar til langs tíma.
8. Gera tillögur að fjárhagsáætlun til sveitarstjórnar um útgjaldaliði skipulagsmála.

Við alla umfjöllun og afgreiðslu mála skal ráðið hafa í huga náttúruvernd og sjálfbæra þróun og taka mið af umhverfisstefnu Kópavogsbæjar. Þá fer ráðið með önnur þau verkefni sem bæjarstjórn ákveður.

11. gr.

Skipulagsráði er heimilt að afgreiða án staðfestingar bæjarstjórnar mál á verksviði þess ef lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því, þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í starfs- og fjárhagsáætlun og þau víkja ekki frá stefnu bæjarstjórnar í veigamiklum málum.

12. gr.

Skipulagsstjóri, eða starfsmenn umhverfissviðs í hans umboði, afgreiða án staðfestingar skipulagsráðs, eftirfarandi verkefni skipulagsnefnda í skipulagslögum, nr. 123/2010:

1. Grenndarkynning tillagna að óverulegum breytingum á deiliskipulagi, skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010.
2. Grenndarkynning byggingar- og framkvæmdaleyfisumsókna í ódeiliskipulögðum hverfum, skv. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010.
3. Auglýstar skipulagstillögur sem engar athugasemdir berast við, skv. 2. mgr. 36. gr. og 3. málsl. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, nema skipulagsráð ákveði annað þegar samþykkt er að auglýsa tillögurnar.
4. Frávísun eða synjun erinda og gerð umsagna um erindi sem beint er til skipulagsráðs eða bæjarráðs og eru ekki í samræmi við skipulagsáætlanir.

Beiðni um endurupptöku á ákvörðunum í ofangreindum málum skal beint til skipulagsráðs.

Skipulagsstjóri eða starfsmenn í hans umboði geta ávallt óskað eftir því að skipulagsráð taki ákvörðun í máli.

Skipulagsráð skal upplýst reglulega um mál sem starfsmenn afgreiða í umboði ráðsins.

13. gr.

Fundargerðir umhverfis- og samgöngunefndar skulu lagðar fram til kynningar á fundum skipulagsráðs.

Fundargerðir skipulagsráðs skulu teknar á dagskrá bæjarráðs og bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum fundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar bæjarstjórnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar.

Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar bæjarstjórnar ber að taka þær sérstaklega fyrir enda sé í fundargerð ráðsins skilmerkilega gerð grein fyrir þeirri fyrirætlun með tillögu til bæjarstjórnar þar að lútandi. Ef mál varðar fjárhagslegar skuldbindingar bæjarins umfram fjárhagsáætlun skal ráðið vísa tillögu sinni til bæjarráðs.

14. gr.

Skipulagsráð vinnur að markmiðum sínum með stefnumótandi samþykktum og ákvörðunum sem taka mið af samþykktari stefnu skipulagsráðs og bæjarstjórnar í málefnum varðandi skipulagsmál.

IV. kafli

Hæfi og skyldur ráðsmanna

15. gr.

Skipulagsráð skal í allri sinni ákvarðanatöku hafa hagsmuni allra íbúa að leiðarljósi. Það leggur þær skyldur á fulltrúa í ráðinu að setja ávallt almannahagsmuni ofar sérhagsmunum, hvort heldur er sínum eigin eða einstakra hópa er þeir tengjast eða tilheyra.

Ráðsmenn sem sitja í stjórnnum í einkareknum eða opinberum félögum, sem gætu átt hagsmuna að gæta vegna beinna eða óbeinna viðskipta við sveitarfélagið, skulu upplýsa um það. Að öðru leyti vísast til samþykktar bæjarstjórnar frá 27. janúar 2015, um siðareglur kjörinna bæjarfulltrúa hjá Kópavogsbæ.

Ráðsmaður hefur ekki atkvæðisrétt um mál sem varða hann sjálfan eða náðið skyldmenni hans og skal hann í slíkum tilvikum víkja af fundi. Um hæfi ráðsmanna og starfsmanna skipulagsráðs vísast til 17. gr.

bæjarmálasamþykktar.

16. gr.

Skipulagsráð hlutast ekki til um daglegan rekstur og starfsemi þeirra stofnana sem heyra undir ábyrgðar- og eftirlitssvið ráðsins. Engu að síður skal ráðinu gerð grein fyrir fjárhagslegri stöðu sviðsins reglulega. Ráðið hefur ekki boðvald yfir starfsfólki stofnana né starfsfólki umhverfissviðs. Ráðsmenn koma ekki að ráðningum, sbr. þó 50. og 51. gr. bæjarmálasamþykktar.

Rekstur stofnana og starfsmannamál er á ábyrgð sviðsstjóra umhverfissviðs og viðkomandi deildarstjóra. Forstöðumenn stofnana eru ábyrgir fyrir rekstri og starfsemi sinnar stofnunar og ábyrgir gagnvart sínum næsta yfirmanni.

Skipulagsráð kemur ákvörðunum sínum og stefnumótun í framkvæmd með formlegum samþykktum á lögmætum fundum.

V. Kafli

Gildistaka

17. gr.

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, stjórnarsýslulögum, nr. 37/1993, og samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar, nr. 774/2013, m.s.br.

Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs og tekur gildi 25. október 2016.